

FRAMMISTÖÐUMAT

Nú fer að líða að lokum 2. annar með uppgjöri á námi nemenda á önninni. Síðasta skólaár var frammistöðumat skólans endurskoðað og því breytt. Makmiðið með þessum breytingum var að einfalda matið, gera það skýrara, tengja það við uppbyggingastefnuna og stefnu skólans. Þessar breytingar voru kynntar á fundi sem haldinn var fyrir foreldra í Óðali þann 7. október. Fyrirhugað er að halda annan kynningarfund þann 9. febrúar kl. 18:12 – 18:52 í Óðali.

Við leggjum áherslu á að meta frammistöðu eða framfarir með hliðsjón af markmiðum skólans miðað við þann nemanda sem um ræðir. Í skólanámskránni okkar koma fram skilgreiningar á þeim þáttum sem við leggjum til grundvallar við matið:

Sjálfstæði og ábyrgð

Nemandi:

- ✓ Sýnir áhuga og tekur frumkvæði
- ✓ Tekur ábyrgð á námi sínu
- ✓ Vinnur sjálfstætt
- ✓ Vandar vinnubrögð

Virðing og samhugur

Nemandi:

- ✓ Ber virðingu fyrir umhverfi sínu
- ✓ Samstarfshæfni/virðing f. skólafélögum og kennurum (Sams./virð f skólaf og ken.)

Nemendur í 3. – 10. bekk eru virkir í matinu og meta sig sjálfir. Beinum við þeim óskum til foreldra að þeir aðstoði nemendur við að ganga frá sjálfsmatinu inn á Mentor og **því verði lokið fyrir 15. febrúar**. Þeir nemendur sem þurfa að fá aðstoð við innslátt í tölvu fá hana í skólanum 11. og 12. febrúar.

Nemendur og foreldrar geta (og eiga) að vera búnir að kynna sér niðurstöður matsins (í Mentor) áður en þeir mæta í foreldraviðtöl sem verða fimmtudaginn 18. febrúar. Foreldraviðtalið mun svo að stærstum hluta snúast um að meta styrkleika nemandans og þá þætti sem betur mega fara hjá honum í náminu. Í lok viðtalsins munu nemendur, foreldrar og umsjónarkennarar gera með sér samkomulag um áhersluþætti í námi nemandans.

Ef foreldrar lenda í vandræðum eða þurfa aðstoð við innskráningu eða matið sjálft geta þeir haft samband við Hilmar aðstoðarskólastjóra, hilmara@grunnborg.is og vs 4371208.

Frammistöðumarkmið

	✓	○	✗
Frammistöðumarkmið			
Sjálfstæði og ábyrgð			
–Sýnir áhuga og frumkvæði	Hefur náð tókum á settu markmiði Sýnir áhuga, kemur sér af stað í vinnu og er virkur í tímum.	Þarf að vinna betur að settu markmiði Þarf að sýna meira frumkvæði og vinnusemi.	Hefur ekki náð settu markmiði Er áhugalaus og óvirkur í tímum.
– Vinnur sjálfstætt	Vinnur sjálfstætt og kemur með eigin útfærslur verkefna.	Þarf hvatningu til að ljúka verkefnum.	Er ósjálfstæður í vinnubrögðum og kemur sjaldan með eigin útfærslu verkefna.
– Tekur ábyrgð á námi sínu	Vinnur verkefni sín af dagnaði og þrautseigju. Námsgögn til staðar.	Tekur ekki fulla ábyrgð á námi sínu	Skortir úthald til að ljúka verkefnum. Námsgögn ekki til staðar.
– Vinnubrögð	Vandar frágang og skipulag verkefna.	Þarf að vanda betur vinnubrögð og halda utan um verkefni sín.	Frágangur og skipulag verkefna ekki gott.
Virðing og samhugur			
– Virðing f. umhverfi	Gengur vel um gögn og búnað skólans.	Gengur yfirleitt vel um	Gengur illa um.
– Samstarfshæfni/virðing f. skólafélögum og kennurum (–(Sams./virð f skólaf og ken.)	Er kurtteis og tillitsamur í samskiptum.	Virðir ekki alltaf samskiptareglur.	Er ókurtteis og tillitslaus í samskiptum.